

Reykjavík, 20. janúar 2017

### Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Kviku banka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðskilnaði starfssviða hjá Kviku banka hf. í júlí 2016. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort aðskilnaður starfssviða hjá bankanum væri í samræmi við kröfur 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) og 4. þáttar reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sem Fjármálaeftirlitið hefur útfært nánar í leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða. Athugunin beindist að aðskilnaði starfssviða í húsnæði bankans, aðskilnaði í stjórnun og aðskilnaði gagna. Að auki voru reglur, stefnur og önnur skjöl bankans þessu tengd, skoðuð. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í desember 2016.

Fjármálaeftirlitið gerði eftirfarandi athugasemdir varðandi aðskilnað starfssviða:

- að tilteknir starfsmenn bankans, sem starfa utan starfssviða sem skulu vera aðskilin, hafi aðgang að slíkum starfssviðum. Nánar tiltekið er um að ræða mannauðsstjóra sem hefur aðgang að öllum starfssviðum bankans sem eiga að vera aðskilin, forstöðumann viðskiptatengsla sem hefur aðgang að rýmum eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta og starfsmenn bakvinnslu er hafa aðgang að rými markaðsviðskipta;
- að glerveggur sem aðgreinir rými fyrirtækjaráðgjafar fram í sameiginlegt rými bankans sé ekki hulinn með fullnægjandi hætti;
- að markaðsviðskipti, sem skal vera aðskilið starfssvið, starfi í sameiginlegu rými með fjárstýringu;
- að tilteknir starfsmenn bankans sem starfa utan markaðsviðskipta og fyrirtækjaráðgjafar, sem hvort tveggja eru starfssvið sem skulu vera aðskilin, hafi aðgang að möppum starfssviðanna á sameiginlegu gagnasvæði bankans;
- að ekki hafi verið leitað áhlits regluvarðar bankans um aðgangsveitingu að sameignarsvæðinu „*Verkefna*“, líkt og reglur bankans gera ráð fyrir;
- að ekki séu fyrir hendi innri verkferlar til samræmis við reglur bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- að ekki séu fyrir hendi sérstakar verklagsreglur og ferlar er snúa að flutningi starfsmanna á milli sviða.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfur um að Kvika banki hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi bankans framkvæmdi úttekt á úrbótum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð í mars 2017.